

Lög Hugrúnar - geðfræðslufélags

1. gr. Heiti félagsins

Félagið heitir *Hugrún - geðfræðslufélag*. Heimili félagsins og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins er að sinna jafningjafræðslu um geðheilsu og geðraskanir fyrir ungmenni.

3. gr. Starfssvið félagsins

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

1. Koma á framfæri upplýsingum um geðheilsu og geðraskanir og vekja umræðu meðal ungs fólks og almennings.
2. Bæta þekkingu ungs fólks á geðheilbrigði.
3. Hvetja félagsmenn til forvarnarstarfa.

4. gr. Meðlimir félagsins

4.1 Félagatal heldur um fjölda og nöfn félagsmanna. Einstaklingur telst félagsmaður við skráningu sína í félagið, og þar með félagatalið.

4.2 Skilyrði þess að einstaklingur teljist félagsmaður Hugrúnar er að viðkomandi sé nemandi við háskóla á Íslandi við skráningu í félagið eða hafi útskrifast fyrir minna en ári og að skráning þess efnis hafi borist til stjórnar Hugrúnar.

4.3 Endurnýjun félagatals skal fara fram minnst árlega, eftir kosningar til stjórnar Hugrúnar. Endurnýjun félagatals skal vera lokið minnst sólarhring fyrir aðalfund félagsins og aðeins þau sem eru skráð fyrir þann tíma hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Stjórn skal tryggja að opið sé fyrir skráningu í félagatalið allan ársins hring, nema þegar lokað er fyrir skráningu í sólarhring fyrir aðalfund.

4.4 Fræðarar félagsins sinna jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum landsins. Til þess að geta sinnt þessari fræðslu þarf fræðari að vera á aldursbilinu 18-35 ára.

4.5 Fræðarar félagsins eru skráðir í félagatal félagsins við skráningu sem fræðari.

5. gr. Aðalfundur

5.1 Aðalfundur skal halda að vori ár hvert og skal forseti boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti viðstaddra félagsmanna ræður úrslitum mála. Framboð í stjórn skulu berast fyrir miðnætti daginn fyrir boðaðan aðalfund. Ef framboð berast ekki í öll embætti má framlengja frest til framboða í þau embætti í samráði við stjórn félagsins. Stjórn er heimilt að gera undantekningu á framboðsfresti séu breytingar á framkvæmd kosninga í stjórn samþykktar á aðalfundi.

5.2. Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs.

5.3. Eingöngu félagsmenn eru kjörgengir og hafa kosningarétt.

5.4 Tillögum til lagabreytinga á settum lögum félagsins skal skila inn í síðasta lagi viku fyrir boðunardag aðalfundar þannig að þeim sé skilað til sitjandi stjórnar og sitjandi stjórn skal votta um móttöku þeirra með tilskyldum hætti.

5.5. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning forseta
6. Kosning fræðslustjóra
7. Kosning markaðs- og kynningarstjóra
8. Kosning ritstjóra
9. Kosning fulltrúa námsbrauta/aðildarfélaga
10. Kosning meðstjórnenda
11. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
12. Önnur mál

6.gr. Skipun stjórnar

6.1 Stjórn félagsins skal skipuð 8 - 10 meðlimum. Allir stjórnarmeðlimir skulu kosnir á aðalfundi og til eins árs í senn.

6.2. Kjörgengi til stjórnar hafa allir félagsmenn Húgrúnar.

6.3. Um kosningu fulltrúa námsbrautanna gildir eftirfarandi.

- Læknanemar eiga einn fulltrúa.
- Grunnemar í sálfræði eiga einn fulltrúa.
- Mastersnemar í klínískri sálfræði eiga einn fulltrúa.
- Hjúkrunarfræðinemar eiga einn fulltrúa.
- Félagráðgjafanemar hafa einn fulltrúa.
- Sá fulltrúi sem kosinn er fyrir hverja námsbraut skal vera við nám á þeirri námsbraut á næstkomandi haustönn.

6.4. Fyrir utan fulltrúa námsbrautanna er kosið í 5 önnur sæti í stjórn á aðalfundi, sbr. 6. grein. Þessi sæti eru:

- Forseti stjórnar
- Markaðs- og kynningarstjóri
- Fræðslustjóri
- Ritstjóri
- Meðstjórnandi

6.5. Ef ekkert framboð berst í eitt eða fleiri ofangreindra embætta, gefst aðalfundi leyfi til þess að kjósa meðstjórnanda eða meðstjórnendur í samræmi við þann fjölda embætta sem ekki berst framboð í.

6.5.1 Ef ekkert framboð berst í embætti forseta, markaðs- og kynningarstjóra, ritstjóra eða fræðslustjóra, skal stjórn félagsins kjósa um þau embætti á fyrsta stjórnarfundum, úr hópi stjórnarmeðlima.

7.gr. Ritstjórn Hugrúnar

7.1 Ritstjórn Hugrúnar fer fyrir heimasíðu og útgefnu efni á vegum félagsins.

7.1.1 Ritstjóri skal vera ábyrgðamaður síðunnar.

7.2. Stjórn Hugrúnar í samráði við ritstjóra skal auglýsa eftir ritstjórn meðal allra nemenda Háskóla Íslands eigi síðar en 1. október á ári hverju.

8. gr. Hlutverk stjórnar

8.1 Ný stjórn tekur við um leið og aðalfundi er slitið og skal hún hittast allavega einu sinni áður en skólaárið er liðið.

8.2 Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda og skipar vinnuhópa til að framfylgja stefnu félagsins.

8.3 Stjórn félagsins sér um skráningu félagsmanna í fræðslu og heldur almennt utan um framvindu fræðslunnar eftir samráði við fræðslustjóra. Stjórnarmeðlimir bera ábyrgð á því að manna fyrirlestra sem skipulagðir hafa verið af félaginu.

8.4 Forseti boðar til stjórnarfunda og er í málsvari fyrir félagið, og í forföllum hans varaforseti. Forfallist bæði forseti og varaforseti kýs stjórn aðila innan stjórnar til að gegna hlutverki forseta.

8.5 Fulltrúar námsbrauta/aðildarfélaga miðla þekkingu milli námsbrauta/aðildarfélaga og stjórnar Hugrúnar - geðfræðslufélags ásamt því að koma upplýsingum um störf Hugrúnar á framfæri til nemendur námsbrauta/aðildarfélags.

8.6 Fræðslustjóri sér um skipulagningu fræðslu félagsins og skipar vinnuhópa utan um hana.

8.7 Markaðs- og kynningarstjóri heldur utan um markaðsmál Hugrúnar. Hann úthlutar og/eða stýrir verkefnum sem lúta að samfélagsmiðlum og ber ábyrgð á markaðssetningu félagsins. Markaðs- og kynningarstjóri sér um skipulag viðburða og fjáraflana félagsins annarra en styrkumsókna og er frjálst að skipa vinnuhópa í kringum starfsemi sína.

8.8 Ritari skal rita fundargerð á fundum stjórnar og gefa út til meðlima félagsins á rafrænu formi.

8.9 Gjaldkeri Hugrúnar annast fjármál félagsins auk þess sem hann hefur umsjón með styrkumsóknum félagsins ásamt forseta.

8.10 Ritstjóri stýrir og ber ábyrgð á starfi ritstjórnar.

8.11 Meðstjórnandi aðstoðar fræðslustjóra við skipulagningu fræðslu félagsins og aðstoðar við tilfallandi verkefni.

9. gr. Fundir stjórnar

9.1 Boða skal til stjórnarfundar með minnst þriggja daga fyrirvara, nema nauðsyn krefji á um annað. Sé boðið til stjórnarfundar með minna en þriggja daga fyrirvara skal stjórnarmönnum gerð grein fyrir ástæðu þess í fundarboði. Fundargögn og fundardagskrá skulu berast stjórnarmönnum minnst sólarhring fyrir boðaðan stjórnarfund.

9.2 Stjórnarfundur telst löglegur sé rétt til hans boðið og séu minnst 5 stjórnarmeðlimir viðstaddir fundinn.

9.3 Stjórnin skal hittast minnst tvisvar á hvorri önn Háskóla Íslands.

9.4 Á fyrsta fundi stjórnar skal stjórnin kjósa innan sinna raða í embætti varaforseta, gjaldkera og ritara. Allir meðlimir stjórnar fyrir utan forseta geta boðið sig fram í þessi embætti. Einfaldur meirihluti stjórnarmeðlima ræður ef fleiri en einn sækist eftir ákveðnu embætti.

9.5 Við atkvæðagreiðslu um málefni á stjórnarfundum gildir að ef atkvæði standa á jöfnu ræður atkvæði forseta, en atkvæði varaforseta að forsetai fjarstöddum.

10.gr. Fjármál félagsins

10.1. Félagið skal almennt vera fjármagnað eftir fremsta megni með styrkjum, ásamt óhjákvæmilegum arði af völdum almennrar fjársýslu þess banka er félagið er í viðskiptum við.

10.2 Umsjón með ársreikningi er í höndum gjaldkera félagsins og skoðunarmanna reikninga. Skoðunarmenn reikninga skulu vera tveir og vera kosnir á aðalfundi en ekki eiga sæti í stjórn.

10.3 Öllum tekjum félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins og í þágu annarra en félagsmanna sjálfra.

10.4 Allar fjárskuldbindingar sem gerðar eru í nafni félagsins skulu bornar sérstaklega undir gjaldkera félagsins sem hefur heimild til fjárútgjalda að 100.000 kr án þess að bera það undir stjórn félagsins.

11.gr. Bílar á vegum félagsins

11.1. Félagsmenn mega sinna erindagjörðum á vegum Hugrúnar á tryggðum einkabíl með eigináhættu að hámarki 150.000 krónum. Að öðrum kosti er þeim heimilt að taka bílaleigubíl á kostnað Hugrúnar í samráði við stjórn.

11.2 Félagsmönnum er heimilt að keyra á bíl sem uppfyllir ekki lagagrein 11.1 en afsalar hann sér þá rétti til að fá eigináhættu greidda af Hugrúnu komi til áreksturs.

11. 3 Félagið skuldbindur sig til að greiða eigináhættu af einkabíl félagsmanns lendi félagsmaður í árekstri í erindagjörðum fyrir Hugrúnu að því gefnu að lagagrein 11.1 standist.

12. gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og skulu eignir þess renna til Barna- og unglunga geðdeildar Landspítala - Háskólasjúkrahúss.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi

Dagsetning: **13.04.2016.**

Breytingar voru samþykktar á aðalfundi 26. apríl 2023